

Skýrsla stjórnar

á ársfundi Frjálsa lífeyrissjóðsins 31. maí 2023

Fundarstjóri, ágætu sjóðfélagar og aðrir fundarmenn.

Velkomin á ársfund Frjálsa lífeyrissjóðsins bæði þið sem hér eruð og þið sem fylgist með í streymi. Næstu klukkustundir ætlum við að nota til að fara yfir árið 2022 og hvernig árið 2023 fer af stað.

Kosning í stjórn hefur nú þegar farið fram rafrænt. Árið 2021 var fyrsta skref í átt að rafrænum kosningum til stjórnar stigið, að vísu reyndi ekki á það þá, svo að í fyrra var í fyrsta sinn hægt að kjósa rafrænt fyrir fund og á hefðbundinn hátt á staðnum. Í ár fóru kosningar til stjórnar eingöngu fram rafrænt, og hófust einni viku fyrir ársfund og lauk þeirri kosningu rétt fyrir fundinn. Úrslit verða kynnt hér á eftir.

Á fundinum verða samþykktarbreytingar kynntar fundargestum. Þær kosningar sem þarf að fara í á fundinum verða eingöngu rafrænar og gerir það þeim sem fylgjast með í streymi, kost á að taka þátt.

ÍL sjóðurinn

Eignir íslenskra lífeyrissjóða hafa aukist mjög á undanförunum árum og að sama skapi hefur starfsemi og umsvif þeirra gjörbreyst. Lífeyrissjóðir gegna sífellt mikilvægara félags- og tryggingarhlutverki, og þjóðhags- og efnahagsleg áhrif þeirra eru óumdeild.

Ábyrgð þeirra sem fara fyrir lífeyrissjóðum er því sannarlega mikil gagnvart sjóðfélögum, og í raun öllum haghöfum.

Fyrst og fremst er hlutverk lífeyrissjóða að taka við iðgjöldum sjóðfélaga, ávaxta þau, greiða út lífeyri og hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Hlutverk sem við sem sitjum í stjórnnum lífeyrissjóða og vinnum með málefni þeirra tökum alvarlega og vinnum eftir.

Fjárfestingakostir eru fjölmargir, misáhættusamir og vænt ávöxtun oftast í takti við áhættu. Meðal „traustustu“ fjárfestingarkosta sem standa lífeyrissjóðum til boða hafa talist vera skuldabréfaútgáfa með ábyrgð ríkisins. Fjárfestingar sem eru vænlegar langtímafjárfestingar, gagnsæjar og traustar.

Íbúðalánasjóður hóf útgáfu á skuldabréfum með ríkisábyrgð (svokölluð HFF bréf) árið 2004 en þau voru nýtt til að fjármagna útlán sjóðsins. Bréfin eru verðtryggð með 3,75% vöxtum og skv. skilmálum bréfanna er ekki heimilt að greiða þau hraðar upp en samningsbundnir gjalddagar segja til um. Bréfin eru að mestu í eigu lífeyrissjóða og verðbréfasjóða, m.a. Frjálsa lífeyrissjóðsins. Bréfin eru úppgreiðanleg, verðtryggð og með langan lokagjalddaga sem hentar vel löngum verðtryggðum skuldbindingum lífeyrissjóða. Vegna slæmrar stöðu Íbúðalánasjóðs, sem nú heitir ÍL-sjóður, gaf fjármálaráðherra út yfirlýsingu þann 20. október sl. þess efnis að hann teldi best að ná samkomulagi við eigendur bréfanna um uppgjör og slit sjóðsins.

Stjórnvöld hafa óskað eftir samningaviðræðum við lífeyrissjóðina um uppgjör skuldbindinga ÍL sjóðs. Lífeyrissjóðirnir hafa átt samskipti við fulltrúa stjórnvalda en telja ekki grundvöll fyrir slíkum viðræðum í ljósi þess að stjórnvöld hafa ekki komið til móts við kröfur lífeyrissjóðanna. Þær kröfur snúast um fullar efnidir af hálfu íslenska ríkisins í umleitunum þess um mögulegt uppgjör sem taki m.a. mið af samningsbundnum vaxtagreiðslum HFF bréfanna í framtíðinni.

Fjármálaráðherra boðaði að ef ekki gengi að semja væri sá möguleiki til staðar, að slíta sjóðnum með lagasetningu og ráðstafa eignum hans til skuldauppgjors. Sama dag var markaðsvirði HFF bréfa í eigu Frjálsa lífeyrissjóðsins um 44,9 milljarðar kr. eða um 11,5% af heildareignum sjóðsins á markaðsvirði. Áhrifin daginn eftir yfirlýsingu voru umtalsverð á markaðsverð bréfanna, en þau fer Hjörleifur fulltrúi eignastýringar betur yfir á eftir.



Ávöxtun

Síðustu ár hafa verið afar farsæl og ávöxtun góð. Síðasta ár var ávöxtun á mörkuðum aftur á móti döpur. Árið sem var að líða markar eitt mest krefjandi ár á fjármálamörkuðum, frá fyrri hluta síðustu aldar. Heimsfaraldur, stríðsástand, þrálát verðbólga og hækkandi vextir á heimsvísu, voru helstu áskoranir síðasta árs. Nær allir markaðir í heiminum lækkuðu umtalsvert á árinu, en hlutabréf lækkuðu að jafnaði meira en skuldabréf. Slíkar markaðsaðstæður undirstrika mikilvægi þess að vera með dreift eignasafn til þess að standast sveiflur á mörkuðum. Þó er rétt að taka fram að áhrifin vegna yfirlýsingar fjármálaráðherra þýða að ávöxtun skuldabréfasafns Frjálsa varð lægri en ella hefði orðið.

Nafnávöxtun fjárfestingarleiða sjóðsins var frá 0,7% til mínus 11,2% sem þýðir að raunávöxtun var frá mínus 7,9% til mínus 18,8%.

Í kynningu á ársreikningi ársins 2022 hér á eftir, verður nánar farið yfir ávöxtun sjóðsins, og ávöxtun það sem af er ári, ásamt lykiltölum.

Meðalævin lengist

Á síðasta ári kynntum við breytingar á forsendum sem spáir fyrir meðalævilengd en nú þegar, hefur meðalaldur Íslendinga hækkað. Auknar lífslíkur þjóðarinnar hafa áhrif á réttindi sjóðfélaga lífeyrissjóða. Hækkandi meðalaldur eykur árafjölda, sem taka lífeyris stendur yfir og eignir lífeyrissjóðanna þurfa því að endast lengur en áður.

Spáin gerir einnig ráð fyrir að lífslíkur hvers fæðingarárgangs séu mismunandi, þ.e. að lífslíkur fari vaxandi með hækkandi fæðingarári, en hingað til hefur mat á lífslíkum byggst á sögulegum gögnum. Breytingar á réttindatöflum í samþykktum sjóðsins þar sem tekið var tillit til breyttra forsendna um lífslíkur voru staðfestar af Fjármálaráðuneytinu, í desember 2022 og tóku þær gildi 1. janúar 2023.

Þar sem nýjar lífslíkutöflur, gera ráð fyrir að meðalævi yngri árganga, verði hærri en eldri árganga hefur verið gerð réttindatafla fyrir hvern fæðingarárgang sem miðar að því að greidd iðgjöld standi undir skuldbindingum hvers árgangs og eru töflurnar að finna í viðauka í samþykktum sjóðsins.

Tryggingafræðileg staða

Í árslok 2022 voru eignir umfram áunnar skuldbindingar -10,4%, en framtíðarstaða 1,2%. Heildarstaða var -4,4%. Áunna staðan lækkaði um 10,5 prósentustig á milli ára, framtíðarstaðan hækkaði um 18,2 prósentustig og heildarstaðan hækkaði um 4,8 prósentustig.

Ástæðan fyrir því að áunna staðan lækkaði var neikvæð ávöxtun á árinu en framtíðarstaðan hækkaði vegna innleiðingar á nýjum réttindatöflum og þar með hækkaði jafnframt heildarstaða sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins, mun hér á eftir gera nánari grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og breytingum á réttindatöflum.

Hrein eign og stækkun

Sjóðfélagar Frjálsa voru í lok árs 2022 rúmlega 67 þúsund og fjölgaði þeim um tæplega 2.700 á árinu. Stærð sjóðsins um áramót var rétt rúmlega 400 milljarðar en sjóðurinn minnkaði um 1.9 milljarða eða um ½ prósent. Heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld árið 2022 var 24.880, eða 1.822 fleiri en árið áður.

Frjálsi er 5. stærsti lífeyrissjóður landsins.

Fjárfestingar- og hluthafastefna

Frjálsi hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið, að teknu tilliti til áhættu. Samkvæmt lögum skal lífeyrissjóður setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sem er að finna í stefnu Frjálsa um ábyrgar fjárfestingar. Hluthafastefna Frjálsa markar stefnu sjóðsins í stjórnarháttum þar sem hann er hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar Frjálsa er hægt að kynna sér nánar á heimasíðu sjóðsins.



Frá afnámi gjaldeyrishafta 2016 hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn lagt áherslu á að auka hlutfall og dreifingu erlendra eigna og draga úr vægi innlendra eigna á móti. Í fjárfestingarstefnu fyrir 2023 er þessari vegferð haldið áfram, en einkum með að auka vægi erlendra sérhæfðra fjárfestinga.

Ábyrgar fjárfestingar og verðlaun

Eins og áður hefur komið fram er lögð á það áhersla í starfsemi Frjálsa lífeyrissjóðsins að veita sjóðfélögum og launagreiðendum þeirra framúrskarandi þjónustu. Undanfarin ár hefur sjóðurinn hlotið fjórtán alþjóðleg verðlaun sem er mesti fjöldi verðlauna sem íslenskum lífeyrissjóði hefur hlotnast.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með færri en milljón íbúa, árið 2022 af fagttímaritinu Investment Pension Europe (IPE). Auk þess var Frjálsi einn af þremur lífeyrissjóðum sem var tilnefndur sem besti lífeyrissjóður Evrópu, en verðlaunin hlaut sænski sjóðurinn AP4. Þetta er í fyrsta sinn sem Frjálsi er tilnefndur í þessum aðalflokki og mikill heiður fyrir sjóðinn, og hvatning til að gera enn betur. Í umsögn dómnefndar kom fram að Frjálsi hafi skarað fram úr í tæknilausnum, og vinnu í tengslum við ábyrgar fjárfestingar.

Aðalmarkmið ábyrga fjárfestinga er að stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfið, félagslega þætti og stjórnarhætti, (UFS e. ESG) draga úr áhættu og skila sjálfbærri langtímaávöxtun. Mikil eftirspurn er eftir lausnum á þessu sviði og því er margt sem bendir til, að fjárfestingar í umhverfisvænum lausnum geti skilað góðri langtímaávöxtun. Með stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar sýnum við vilja til að leggja aukna áherslu á umhverfis- og loftslagsmál, jákvæð samfélagsáhrif og góða stjórnarhætti við rekstur sjóðsins og fjárfestingarákvarðanir.

Samþykktarbreytingar

Fyrir fundinum liggja sex tillögur um samþykktarbreytingar frá stjórn. Þetta eru breytingar um viðmiðunaraldur ellilífeyrisréttinda, upplýsingagjöf til sjóðfélaga, innheimta iðgjalda, tilhögun lífeyrisgreiðslna, og um tilgreind séreign og síðan eru breytingar á töflum sem varða tryggingadeild, í viðauka samþykktanna.

Nánar verður farið í samþykktarbreytingar hér á eftir sem og rökstuðning fyrir þeim, en þær verða kynntar af Kristínu Ragnheiði Eiríksdóttur lögfræðingi á lögfræðisviði Arion banka og Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi.

Stafræn þróun

Markmið Frjálsa er að vera einn af öflugustu lífeyrissjóðum landsins og fremstur í stafrænni forystu. Sjóðfélagar Frjálsa hafa tekið Arion appinu afar vel en Frjálsi hefur nú verið sýnilegur í appinu í á þriðja ár. Með tilkomu Frjálsa í appið hafa sjóðfélagar öðlast einstaka yfirsýn á lífeyrissparnað sinn, því segja má að upplýsingar um lífeyrissparnað hafi færst nær sjóðfélögum sem margir hverjir hafa þær aðgengilegar í lófa sínum hvenær sem er sólarhringsins. Í appinu er auðvelt að hafa heildstæða yfirsýn yfir lífeyrissparnað á einfaldan og skýran hátt.

Lífeyriskerfið

Breytingar á lögum sem varða lífeyrissjóði tóku gildi 1. janúar 2023. Í nýju lögnum verða útgreiðslur annarra tegunda séreignar en hefðbundins viðbótarlífeyrissparnaðar ekki lengur undanþegnar skerðingum almannatrygginga nema taka lífeyris almannatrygginga hafi verið hafin fyrir 1. janúar 2023.

Lágmarksíðgjald til lífeyrissjóðs hækkaði úr 12% af iðgjaldsstofni í 15,5%. Lagabreytingarnar munu að öllum líkindum hafa þau áhrif að iðgjöld í sjóðinn munu hækka vegna hækkunar á lágmarksíðgjaldinu. Á móti má gera ráð fyrir að útgreiðslur séreignar, vegna skylduiðgjalds aukist því fyrir fjölda sjóðfélaga mun henta að taka út séreignarsparnaðinn áður en taka ellilífeyris frá Tryggingastofnun hefst.

Lífeyrissjóðum er heimilt að bjóða sjóðfélögum að ráðstafa allt að 3,5% mótframlagi launagreiðanda í tilgreinda séreign sem er með þrengri útgreiðsluheimildir en frjáls séreign.



Þá er sjóðfélögum heimilt að ráðstafa tilgreindri séreign skattfrjálst í úrræði fyrstu íbúðar ef hámarksfjárhæð ársins, 500 þús. kr., næst ekki með skattfrjálstri ráðstöfun viðbótarlífeyrissparnaðar. Þeim, sem hafa ekki verið eigendur að íbúðarhúsnæði í fimm ár, er heimilt að nýta úrræði fyrstu íbúðar.

Gagnsæi í upplýsingagjöf og útvistun reksturs

Mikil áhersla er lögð á gagnsæi og góða upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Í appinu er hægt að skoða ýmislegt sem tengist viðkomandi beint en heimasíðan frjalsi.is. er helsta verkfæri Frjálsa til að ná til sjóðfélaga með almennar upplýsingar.

Rekstrarsamningur sjóðsins við rekstraraðila, Arion banka er birtur þar, en árlega er unnið í honum þannig að hagræðing og lækkun kostnaðar rekstraraðila komi Frjálsa að góðu. Þannig lækkaði Umsýslubóknun sjóðsins ásamt öðrum rekstrarkostnaði um 0,02 prósentustig og var 0,20% af hreinni meðaleign sjóðsins á árinu 2022.

Á vefnum eru einnig birtar upplýsingar um framkvæmd hluthafastefnu, sundurliðun á einstökum fjárfestingum og umfjöllun um sérhæfðar fjárfestingar sjóðsins. Á vefsíðunni er að finna lykilupplýsingar um kostnað, veltu, viðskipti við verðbréfamíðlanir og fjárfestingar tengdar rekstraraðilanum, Arion banka.

Með auknu aðgengi og flæði upplýsinga er sjóðfélögum gert kleift að kynna sér starfsemi Frjálsa og þá valkosti sem sjóðurinn býður upp á. Enn fremur er það von Frjálsa að þessar upplýsingar hafi reynst sjóðfélögum til gagns og séu upplýsandi fyrir bæði núverandi og tilvonandi sjóðfélaga.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur frá stofnun 1978 barist fyrir valfrelsi almennings í lífeyrismálum og verið öllum opinn sem séreignarsjóður og opinn valkostur fyrir þá sem búa við það frelsi, að geta valið sér lífeyrissjóð til að greiða skylduiðgjöld í. Frá upphafi hefur sjóðurinn verið í rekstri hjá fjármálafyrirtæki.

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði, oftast ef þurfa þykir.

Góðir fundargestir, mig langar að þakka ykkur traustið sem þið hafa sýnt sjóðnum í gegnum tíðina.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári, framkvæmdastjóra sjóðsins, Arnaldi Loftssyni fyrir samstarfið og starfsfólki Arion banka þakka ég ánægjulegt og gefandi samstarf. Einnig vil ég nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum þakki fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Ásdís Eva Hannesdóttir, formaður stjórnar